

Nd.

243. Frumvarp til laga

um framræslusjóð.

Flm.: Stefán Stefánsson, Þorsteinn Briem.

1. gr.

Ríkissjóður leggur ár hvert í sérstakan sjóð það fé, er honum sparast við það, að núverandi lánum hans erlendis er breytt í vaxtalægri innanríkislán.

Auk þess leggur ríkissjóður sjóðnum til stofnframlag eftir því, sem veitt er í fjárlögum.

Nefnist sjóður þessi framræslusjóður.

2. gr.

Framræslusjóður skal vera sérstök deild í ræktunarsjóði Íslands og nýtur allra réttinda hans. Fer um stjórn hans og rekstur samkvæmt lögum þess sjóðs um þau atriði, er lög þessi taka eigi til.

Stofnun framræslusjóðs hindrar eigi, að veitt séu lán úr ræktunarsjóði til framræslu eftir almennum reglum sjóðsins um slík lán.

3. gr.

Sjóðurinn veitir lán til framræslu túna og þess lands, sem er vel fallið til túnræktar og matjurtaræktar eða engjaræktar, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, enda sé tilhögun framræslunnar samþykkt af honum.

Einstaklingar, er hafa jörð, grasþýli eða nýbýli til afnota, sitja fyrir framræslufélögum um lán úr sjóðnum.

Framræslufélag, er lán fá úr sjóðnum, skulu hafa sett sér samþykktir, er Búnaðarfélag Íslands staðfestir.

4. gr.

Lán úr framræslusjóði skulu veitt gegn 2% vöxtum. Mega þau vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðast síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Um tryggingar fyrir lánum, svo og um gjald til varasjóðs og kostnaðartillag fer eftir hliðstæðum ákvæðum laga um ræktunarsjóð Íslands.

5. gr.

Lán má veita úr sjóðnum allt að $\frac{2}{3}$ framræslukostnaðar, eftir mati Búnaðarfélags Íslands.

Nú er framlag eða styrkur veittur af opinberu fé til framræslunnar, og má þá upphæð láns, að framlagi eða styrk meðtöldum, eigi fara fram úr $\frac{3}{4}$ framræslukostnaðar, eftir mati Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Ráðherra sá, er fer með landbúnaðarmál, gefur út reglugerð fyrir sjóðinn, eftir tillögum Búnaðarbankans og Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Það er alkunna, að ræktunarframkvæmdum vorum hefur um margt verið áfátt, ekki sízt framræslunni. Af þeim 35 þúsund ha., sem ræktaðir eru í landinu, er ekki nema tiltölulega lítill hluti, eða 7—8%, framræst land. Það verður að viðurkenna, því miður, að allmikill hluti töðunnar getur naumast talizt kúgæft afurðafóður, vegna ónógrar framræslu.

Orsakir þess, að framræslunni er og hefur verið svo ábótavant, eru meðal annars þær, að umbæturnar og ræktunin hafa verið gerðar með svo dýru lánsfé, að meira hefur verið á það horft að fá þegar nokkra eftirtekju heldur en það að verja lengri tíma og meiri vinnu til þess að landið fengi þá þurrkun, sem því var nauðsynleg.

Framræslan og fyrsta ræktun landsins er verk, sem vel þarf að vanda til, svo að það verði nothæft um langa framtíð. Verður að lita svo á, að ekki sé óréttmætt, að þjóðfélagið geri þeim mönnum, er þetta verk vinna, það kleift að standa straum af þeim kostnaði, er til þess þarf, að þessi nauðsynlegi undirbúningur ræktunarinnar verði svo fullkominn sem kostur er. Verður þessu bezt fyrir komið með hagstæðum lánskjörum. Hagstæðustu lán, sem bændur eiga nú völ á til framræslu, eru lán úr ræktunarsjóði, en þau eru þeim allt of dýr.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að af lánum úr framræslusjóði verði

aðeins greiddir 2% vextir, að lánin verði afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Ekki verður með vissu sagt um, hversu miklu fé sjóðurinn kann að ráða yfir í framtíðinni. Fer það eftir því, hve mikið stofnframlag fæst greitt í fjárlögum, svo og því, hve miklu af ríkislánum vorum erlendis verður hægt að breyta í vaxtalægri innanríkislán og hver vaxtamunur verður á lánunum.

Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1941 var ríkisstjórninni heimilað að taka 5 milljón króna innanríkislán til greiðslu á láni, er tekið var í Bretlandi 1930. Lög þessi hafa nú verið samþykkt af Alþingi, en lántökuheimildin hækkuð upp í 10 milljónir.

Af enska láninu þurfum við að greiða 5½% vexti, en af þeim 5 milljónum, er þegar hafa verið teknar að láni innanlands, eru vextir 4½%.

Verði nú enska lánið frá 1930 greitt að fullu á þessu ári, svo sem heimilt er, með 4½% innanríkisláni, þá verður um rúmlega 100 þúsund króna árlegan vaxtasparnað að ræða, og sé gert ráð fyrir, að öll innanríkislánin séu til 25 ára, fæst í sjóðinn um 2½ millj. króna.

Vætanlega tekst á næstu árum að breyta fleiri erlendum ríkislánum í vaxtalægri innanríkislán, og bætist þá framræslusjóðnum stöðugt nýtt fjármagn, enda þarf hann á miklu fé að halda.

Mestu varðar að tryggja fullan arð af þeirri ræktun, sem þegar er framkvæmd. Er því lagt til, að lánveitingar til framræslu ræktaðs lands séu látnar ganga fyrir öðrum lánveitingum.

Þessu næst á það að vera hlutverk sjóðsins að tryggja undirbúning nýrrar ræktunar. Ef vel á að vera, þarf þurrkun lands að fara fram alllögum tíma áður ræktun er hafin, svo að jarðvegurinn geti tekið nauðsynlegum breytingum. Er það hvort tveggja, að jarðvinnslan verður þá auðveldari og jarðefnin notast þá gróðrinum betur en ella.

Nú hin síðustu ár hefur nýrækt verið 700—1000 ha. á ári, en áður voru á tímabili 1100—1600 ha. teknir til nýræktar ár hvert. Má telja víst, að menn hafi almennt fyrst tekið það land til ræktunar, er minnsta þurfti framræslu, og að ræsa þurfi fram mikinn hluta þess lands, sem tekið verður til nýræktar framvegis.

Að ræsa land svo það taki ræktun með fullum árangri er mjög kostnaðarsamt, og munu fáir bændur rísa undir þeim kostnaði, nema kostur verði hagstæðari lána en nú er völ á í ræktunarsjóði eða öðrum lánsstofnunum.

Þótt frumvarpið geri fyrst og fremst ráð fyrir lánunum úr framræslusjóði til túnræktar og matjurtaræktar, þá er einnig heimilt að veita lán úr sjóðnum til engjaræktar, og hafa einstaklingar eigi átt þess kost fyrir að fá hagstæð lán til slíkra framkvæmda.

Engjar eru víða votlendar, þær skila rýrum eftirtekjum, og öflun heyja er þar erfið og kostnaðarsöm. Væri þetta land ræst fram, myndi hefyngur stórum batna og öflun hans verða auðveldari og ódýrari.

Áveitu- og flæðiengi munu nú vera um 30 þúsund ha. Framræsla á miklum hluta þessa lands er eigi nærri svo góð og fullkomin sem skyldi. Mundi land þetta verða stórum mun arðbærra, ef það fengi betri þurrkun.

Sums staðar hagar svo til í sveitum, að vart er kostur á nægu beitolandi fyrir nautgripi, nema úr verði bætt með framræslu á beitolandinu.

Það þykir rétt og sjálfsagt, að lán sé því aðeins veitt úr framræslusjóði, að fyrir liggi yfirlýsing trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands um, að landið sé vel fallið til ræktunar, enda hafi hann samþykkt tilhögun framræslunnar.

Hlutverk framræslusjóðs er mikið og nauðsynlegt. Með honum er lagður grundvöllur að bættri og aukinni ræktun landsins, og þá jafnframt að ódýrari og vaxandi framleiðslu. Þessu markmiði er sjóðnum ætlað að ná með því

1. Að styðja að því, að unnt verði að endurbæta framræslu á því landi, sem þegar er ræktað.

2. Að gera bændum kleift að ræsa fram væntanleg ræktunarlönd það löngum tíma áður ræktun er hafin, að áhrif framræslunnar á jarðveg og gróðurfar geti síðar tryggt ódýrari, varanlegri og eftirtekjumeiri ræktun heldur en unnt er að fá með því móti, að jarðvinnslan sé framkvæmd því nær samtímis framræslunni.
3. Að skapa bændum á einstökum býlum, eða fleirum í félagi, aðstöðu til þess að geta ræst fram engjalönd sín, og tekur það bæði til áveituengja og annarra engjalanda.
Jarðræktarlögin hafa haft mikla og víðtæka þýðingu fyrir ræktun landsins.
Frumvarpi þessu er ætlað, ef að lögum verður, að tryggja enn betur árangur jarðræktarlaganna og gagn þeirra fyrir land og þjóð.